

**Dalabyggð**  
**B.t. Þórður Már Sigfússon**  
Miðbraut 11,  
370 Búðardalur



**Efni: Vindorkuver á Sólheimum, Dalabyggð - Tillaga að breytingu á  
Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, dags. 24. 11. 2020 sl. þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreinda breytingu. Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að breytingu skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að breytingu á aðalskipulagi og gerir ekki athugasemd við hana. Vegagerðin gerir hins vegar athugasemd við að ekki sé fjallað um flutning á íhlutum.

Skv. vegalögum nr. 80/2007 þarf heimild Vegagerðarinnar fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæða. Breidd veghelgunarsvæða er 30 m frá miðlinu stofnvega en 15 m frá miðlinu annara þjóðvega.

Ef hluti nauðsynlegra framkvæmda vegna farms kunna að henta til frambúðar, að mati Vegagerðarinnar, skal hönnun og framkvæmd fara fram í samráði við Vegagerðina.

Vegagerðin ítrekar ofangreint en ekki hafa borist upplýsingar um nauðsynlegar breytingar, tímabundnar eða varanlegar vegna þessa verks. Rétt er að taka fram að mögulegt tjón á innviðum Vegagerðarinnar sem verður af flutningunum verður á kostnað framkvæmdaraðila. Bent er á að mikilvægt er að hafa samráð við önnur sveitarfélög í tengslum við leiðarval.

Vegagerðin óskar eftir að framkvæmdaðili leggi fram gögn sem sýna hvað gera þarf til að koma íhlutum á leiðarena, þá er m.a. átt við burð vega og brúa og ásamt áætlun um fyrirhugaða breikkun vega og vegamóta vegna flutninganna. Leggja þarf fram ferla sem sýna breiddarþörf ökutækja, t.d. í vegamótum.

Síða 1/2

---

**Vegagerðin**  
Borgartún 5–7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Vegagerðin óskar einnig eftir upplýsingum sem geta varðað umferðaröryggi svo sem nálægð framkvæmdasvæðis við vegi, sjónræn truflun vegfarenda, ískast og möguleika á ókyrrð í lofti. Huga þarf að sjónrænum áhrifum á vegfarendur sem geta haft áhrif á umferðaröryggi.

Virðingarfullst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sigurður Friðgeir Friðriksson

*Undirskrift*

SIGURÐUR FRÍÐGEIR

-----  
Síða 2/2

-----  
Vegagerðin